

Plejd leiðbeiningar

Uppsetning

Þegar búið er að tengja Plejd kerfið (harðvíra) þarf að setja upp appið Plejd sem fæst frítt á Appstore og Playstore, og virkja hvern dimmer (= tæki) fyrir sig. Plejd tækin virka ekki fyrr en búið er að setja þá upp í Appinu. Algengt er að „Tæknimaður“ [Installer] sjái um þessa aðgerð.

Fyrst þarf að búa til „Kerfi“ [System] sem er í flestum tilfellum heiti hússins eða íbúðarinnar. Að því loknu er leitað að öllum tækjum [Add device] og er appið fljótt að finna þau tæki sem eru uppsett (allir dimmarnir þurfa að vera spennuhafa).

Nú þarf að setja upp hvert tæki [Device] fyrir sig og kemur þá upp valmynd sem farið er í gegnum á mjög einfaldan hátt. Þó svo að eitthvað sé ekki gert rétt í þessu skrefi er alltaf hægt að gera breytingar síðar.

- Fyrst er valið í hvaða vistarveru [Room] dimmerinn er (seinna er hægt að breyta nafni á vistarverunni [Room] og setja þá íslensk heiti).
- Þá er valið hvaða álag er á útganginum (hægt er að fíkra sig áfram og finna hvað hentar best). Síðan er lágmarks dimming valin með því að ýta á “+” þangað til að byrjar að týra á lampanum/lömpunum og passa að það sé ekkert flökt (hreint ljós). Algengt er að þetta byrji í svona gildi 8-16.
- Næstu valmöguleikar eru til að stilla hvernig dimmingin virkar, og er best að fíkra sig áfram til að ná fullkominni niðurstöðu. Algengt er að sjálfvalin gildi séu þau sem virka best. Hver inngangur hefur tvo möguleika „Eitt klikk“ [Single click] og „Tvö klikk“ [Double click]. Hvort um sig getur valið „Á/AF“ og ljósasenur sem setja þarf sérstaklega upp. Í kerfinu getur rofi virkað á hvaða dimmer sem er, þó svo hann sé ekki á sömu grein. Þá er farið í [Wireless sync] og valið hvaða útgangi (lampa/lömpum) viðkomandi inngangur (rofi) stjórnar.

Notendur

Installer

Tæknimaður [Installer] er sá sem setur kerfið upp. Þannig getur tæknimaður verið með mörg kerfi, þ.e. hjá hinum ýmsu notendum. Installer hefur fullan aðgang og setur kerfið upp fyrir „Notanda“ [Owner] fullbúið til notkunar. Þegar Installer hefur sett upp kerfið veitir hann eiganda fasteignarinnar aðgang að kerfinu þannig uppsettu, með því að fara í [Transfer to End User] og afhenda „Owner“ uppgefinn kóða.

Owner

Eigandi, eða sá sem stjórnar kerfi fasteignarinnar eða heimilisins. Hann hefur fullan aðgang að kerfinu og getur breytt og bætt við eða tekið út eins og vilji er til. Eigandi [Owner] getur veitt öðrum „Notendum“ [User] aðgang, t.d. öðrum heimilismeðlimum, og stjórnað hvaða og hvernig aðgang viðkomandi hefur. Farið er í „Stjórna notendum“ [Manage Users] og þar er kóði sem „Notandi“ fær þegar hann setur upp kerfið. Þar er einnig kóði fyrir „Tæknimann“ [Installer] ef hann vill t.d. skipta um tæknimann eða bæta öðrum tæknimanni við.

User

Eigandi [Owner] veitir notanda [User] aðgang með kóða sem hann finnur undir [Manage users].

Valmöguleikar

Með því að smella á „tannhjól“ efst til hægri birtast valmöguleikar þar sem hægt er að skoða og breyta ýmsum stillingum kerfisins.

Add Device „Bæta við tæki“

Leitað er eftir nýjum dimmi (tæki) til að setja inn í kerfið.

Scenes „Ljósasenur“

Hér er hægt að búa til ljósasenur, og einnig breyta eða eyða út senum.

Scheduling „Tímastilling“

Kveikingu útganga er hér stjórnað með annað hvort Astro tíma eða Viku tíma. Hægt er að láta Astrotíma og vikutíma vinna saman.

Configure Inputs „Stjórna inngöngum (rofum)“

Hægt er að stýra hvaða inngangur (rofi) virkar á hvaða dimmi. Algengast er að rofi sem dimmerinn er staðsettur við virist inn á inngang á viðkomandi dimmi, og af útgangi dimmisins er svo millilína víruð inn á viðkomandi ljóslagrein. Þó er lítið mál að láta hvaða rofa í kerfinu sem er stýra hvaða lampa/lömpum sem er. Þá er vírað frá rofa inn á einhvern dimmi, en útgangur af öðrum dimmi er svo víraður að lömpum sem eiga að kveikjast. Því er svo stjórnað með því að fara í [Wireless sync] undir viðkomandi inngangi [Inputs] á viðkomandi dimmi (sem vírað er inn á) og þar er valið hvaða lampa hann á að kveikja.

Load Settings „Stjórna álagi“

Hér er hægt að stjórna álagi hvers útgangs. „Gerð álags“ [Load Type], „Hámarks gildi“ [Dimming max] og lágmarks gildi [Dim start], „Dimmingarkúrfu“ [Dimming curve], „Mjúkstart“ [Soft start] og „Kveikingarstaða eftir straumrof“ [After power outage].

Transfer to End User „Færa til notanda“

Notanda [Owner] er afhent uppsett kerfið af tæknimanni með 12 stafa kóða sem fæst undir þessum hnappi. (Þessi valmöguleiki er eingöngu hjá [Installer]).

Manage Users „Stjórna notendum“

Hér eru upplýsingar um kóða í viðkomandi kerfi fyrir Eiganda [Owner], Notanda [User], og Tæknimann [Installer]. Eigandi getur hér aðgangsstýrt kerfinu.

Add Colleague „Bæta við félag“

Hér getur tæknimaður bætt við öðrum tæknimanni t.d. samstarfsmanni með kóða sem er sýnilegur þarna undir.

Devices „Tæki“

Hér undir eru allir dimmarnir sem settir eru upp í þessu Kerfi [System]. Hægt er að smella á hvert tæki og breyta nafni, staðsetningu, fjarlægja, endurstetja ásamt því að fá ítarlegri upplýsingar um viðkomandi tæki.

Rooms „Vistarvera“

Hér er yfirlit yfir valdar vistarverur [Rooms] og er hægt að breyta heitum og upplýsingum ásamt því að fjarlægja viðkomandi vistarveru.

Valmöguleikar

Kerfið býður upp á ótal möguleika til stýringar á ljósum og búnaði á afar einfaldan hátt. Með fylgibúnaði er svo hægt að bæta við kerfið og sameina það öðrum kerfum, nánast eins og þú hefur hugmyndarflug til.